Reykjavík, 30. apríl 2018
330. fundur

Lagt fyrir fund velferðarráðs 3. maí 2018

Tillaga

Efni: Tillaga Vinstri grænna, Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Pírata um að fjölga samningum um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

Lagt er til að samþykkt verði að fjölga NPA samningum um sex til sjö á árinu 2018 til að mæta viðbótarframlagi frá ríkinu. Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna aukningarinnar er metinn á 97,3 mkr. á ársgrundvelli.

Greinargerð:
Þann 21. mars 2013 samþykkti velferðarráð að setja á laggirnar tilraunaverkefni um NPA og var verkefnið samþykkt í borgarráði þann 4. apríl 2013. Verkefnið hefur verið framlengt þar til lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir taka gildi, en lögin voru samþykkt á Alþingi þann 26. apríl sl.

Fjárlög ríkisins 2018 gera ráð fyrir viðbótarframlagi vegna nýrra NPA samninga. Gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg fái sem nemur allt að 65,2 mkr. og er þar gert ráð fyrir framlagi vegna samnings eins einstaklings með öndunarvélarþjónustu. Til þess að nýta mótframlag ríkisins er lögð til fjölgun NPA samninga. Heildarfjárhæð NPA samninga árið 2018 er áætluð 242,8 mkr. Gert er ráð fyrir því að um 40% af heildarfjárhæð nýrra samninga megi fjármagna með núverandi þjónustu sem fellur niður þegar notandi fær þjónustu í formi NPA samnings í stað eldra fyrirkomulags. Kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar vegna nýrra NPA samninga er áætluð um 97,3 mkr. á ársgrundvelli að teknu tilliti til mótframlags ríkisins.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði Sigurbjargar Fjölnisdóttur, deildarstjóra dags. 30. apríl 2018.